

## Heilbrigðisráðuneyti

b.t. Svandísar Svavarsdóttur, heilbrigðisráðherra  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

Mosfellsbæ, 2. október 2019

### Efni: Umsögn fyrir drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007

Undirrituð fagnar að unnið skuli að breytingum á lögum um heilbrigðisþjónustu til samræmis við nýja heilbrigðisstefnu. Í heildina eru breytingatillögurnar, eins og þær birtast á samráðsgátt 18. september 2019, til bóta og einföldunar. Hér eru umsögn undirritaðrar sem felur í sér nokkrar ábendingar og hugleiðingar sem sumar vakna út frá starfsemi og hlutverki Reykjalundar endurhæfingarmiðstöðvar.

#### 1. gr.

##### Tillaga:

2. tl. orðast svo: Annars stigs heilbrigðisþjónusta: Heilbrigðisþjónusta **og endurhæfingarþjónusta** sem veitt er á sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum, **öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum** og starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna samkvæmt ákvörðun ráðherra eða samningum sem gerðir eru í samræmi við ákvæði VII. kafla og lög um sjúkratryggingar Íslands og önnur þjónusta sem að jafnaði er ekki veitt á heilsugæslustöðvum.

##### Skýringar og rök:

- i. Ef frumvarp til breytinga helst óbreytt mun annars orðið endurhæfing alveg hverfa úr heilbrigðislögum.
- ii. Í breytingartillögum um fyrsta stigs heilbrigðisþjónustu er fjallað um ....“Heilsugæsluþjónustu, heilsuvernd og forvarnir...” en t.d. forvarnir eru m.a. einn þáttur heilsugæsluþjónustu, en mikilvægur þáttur sem áriðandi er að halda inni í lögum. Að sama skapi má telja mikilvægt að hugtakið endurhæfing hverfi ekki úr lögum.
- iii. Þess má svo geta að endurhæfing er sér málaflokkur á málefnasviði nr. 25 um hjúkrunar- og endurhæfingarþjónustu og er, með réttu, umtalsvert fjalað um hjúkrunarþjónustu við t.d. aldraða í lögum. Að sama skapi mætti fjalla stuttlega með þessum hætti um endurhæfingu.
- iv. Tillagan um að bæta inn „öðrum sérhæfðum heilbrigðisstofnunum, helst í hendur við næstu tillögu í 3. gr.

**3. gr.**

**Tillaga:**

6. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Heilbrigðisstofnanir.*

Í hverju heilbrigðisumdæmi skal starfrækt heilbrigðisstofnun eða heilbrigðisstofnanir sem sjá um að veita og skipuleggja fyrsta og annars stigs heilbrigðisþjónustu.

Önnur sérhæfð heilbrigðisþjónusta skal veitt á sérhæfðum heilbrigðisstofnunum eða starfsstofum heilbrigðisstarfsmanna og öðrum heilbrigðisstofnunum samkvæmt ákvörðun ráðherra eða á grundvelli samninga skv. VII. kafla [og lögum um sjúkratryggingar]

Heilbrigðisstofnanir skv. 1. og 2. mgr. skulu taka að sér kennslu heilbrigðisstétta á grundvelli samninga við menntastofnanir, kennslusjúkrahús og háskólasjúkrahús.

Þriðja stigs heilbrigðisþjónusta skal veitt á háskólasjúkrahúsi eða á annarri heilbrigðisstofnun í samráði við háskólasjúkrahús.

Ráðherra skal í reglugerð kveða nánar á um starfsemi heilbrigðisstofnana sem reknar eru af ríkinu eða á grundvelli samnings, skv. VII. kafla og lögum um sjúkratryggingar, og þá heilbrigðisþjónustu sem þeim ber að veita.

**Skýringar og rök:**

- i. Ef frumvarp til breytinga helst óbreytt munu 2. og 3. mgr. 7. gr. núgildandi laga alveg detta út og væri það missir af þeim.
- ii. Auk þess fer kennsla heilbrigðisstétta fram á starfsstöðvum sérhæfðra heilbrigðisstofnanna og fyrirtækjum í heilbrigðisþjónustu, s.s. Talmeinstöð, Reykjalundur o.s.frv.
- iii. Því tel ég mikilvægt að bæta inn þessari mgr. 2 í tillögnum til að missa ekki út þá skilgreiningu á heilbrigðisstofnunum þar sem þjónsuta er veitt og eins til að tengja þessar stofnanir og fyrirtæki við kennslu heilbrigðisstétta, sem sannarlega er sinnt þar einnig.

**11. gr.**

**Tillaga:**

10. gr. laganna orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Fagstjórnendur*

Á heilbrigðisstofnun skulu starfa einn eða fleiri fagstjórnendur, fyrir sérhverja starfandi heilbrigðisstétt, sem bera faglega ábyrgð á þjónustu stofnunarinnar gagnvart forstjóra.

**Skýringar og rök:**

- i. Hér gæti að óbreyttu orðið misskilningur á að átt væri eingöngu við einn eða fleiri fagstjórnendur óháð fjölda mismunandi heilbrigðisstétta á stofnun.
- ii. Er ekki annars átt við í þessari grein að það sé einn eða fleiri fagstjórar fyrir sérhverja heilbrigðisstétt sem starfar á stofnun?

Virðingarfyllst,



Herdís Gunnarsdóttir,  
framkvæmdastjóri endurhæfingarviðs  
Reykjalundi